

BORGARRÁÐ 7. desember 2023: Framhaldsfyrirspurn borgarráðsfulltrúa Flokks fólksins um skýrslu starfshóps um greiningu á stöðu Laugarnesskóla – MSS2302033

Fulltrúi Flokks fólksins spurði um skýrslu starfshóps um greiningu á stöðu Laugarnesskóla en starfshópurinn átti að skila af sér í maí. Svar hefur borist. Flokkur fólksins óskar nánari upplýsinga um hverjar þær “frekari forsendur” eru sem vísað er til í svarinu og sem borgarráð samþykkti að leggja fyrir starfshópinn? Einnig er spurt: Hversu mikil vinna er þá eftir, verða frekari tafir á birtingu? Hvenær er áætlað að birta skýrsluna? Margir bíða af ópreyju eftir upplýsingum um málið og vilja fá svör, m.a. um lausnir og tímalínu.